



CERAMIZER®



TRAKTORAR

LEIÐBEININGAR TIL NOTKUNAR Á TRAKTORSVÉLAR

CERAMIZER® er ætlað til notkunar á venju-
legar traktorsvélar, hvort sem þær ganga fyrir
diselolíu eða bensíni. Efnid endurbyggir slit-
fleti vélarinnar, einkum þá sem mest mæðir á.
Rétt notkun á Ceramizer-efnið skilar sér fljótt
og vel í meira afli vegna aukinnar þjöppu í
öllum strokkum vélarinnar. Um leið minnkar
eldsneytiseyðsla og smurolían endist lengur,
auk þess sem dregur úr titringi og hávaða frá
vél, útblástur minnkar og líftími vélarinnar
lengist. Ceramizer-efnið stíflar hvorki olíusíur
né olíurör vegna þess hve agnir í efninu eru
smáar.

Ceramizer-efnið hefur engin áhrif á smurolíuna,
sem viðheldur smurhæfni sinni að fullu. Olían
er hins vegar notuð til að flytja efnið um vélina
og koma því fyrir á þeim stöðum þar sem mest
er þörf fyrir það.

Ceramizer-efnið byggir upp slitfleti vélarinnar
á meðan hún er í notkun og án þess að taka
þurfi neitt í sundur. Málmríkt keramíkið hefur
einstaka eiginleika og þekur alla fleti vélarinnar,
einkum þá sem eru tærðir, og endurskapar
þannig upprunalega áferð þeirra og minnkar
allt viðnám í vélinni. Slíkt leiðir til léttari vélar-
gangs, meira afli og minni eldsneytiseyðslu.
Efnið er því fljótt að borga sig upp í minna
viðhaldi og lægri eldsneytisútgjöldum.


SKAMMTASTÆRÐIR

Neðangreind tafla sýnir þá skammta af Ceramizer-efninu sem tryggja bestan árangur.

Smurolíumagn í vél (lítrar)	að 10	10–15	15–20
Notkun: 100 til 800 vinnustundir	1 skammtur	2 skammtar	3 skammtar
Notkun: 800 til 5000 vinnustundir	2 skammtar	3 skammtar	4 skammtar
Notkun: meira en 5000 vinnustundir	3 skammtar	4 skammtar	5 skammtar



1. HITIÐ UPP VÉLINA



2. DREPIÐ Á VÉLINNI OG
SETJIÐ EFNID Í SMUROLÍUNA



3. LÁTIÐ VÉLINA GANGA Í
LAUSAGANGI Í 15 MÍNÚTUR



4. FORÐIST HRAÐAN AKSTUR
FYRSTU 3–4 VINNUSTUNDIR



5. EFTIR FYRSTU 3–4
VINNUSTUNDIRNAR MÁ AKKA
Á HVAÐA HRAÐA SEM ER



6. SKIPTIÐ EKKI UM SMUR-
OLÍU FYRR EN EFTIR 25
VINNUSTUNDIR

EFNISUPPLÝSINGAR

1. Ceramizer-efnið hentar fyrir allar tegundir
smurolía og véla, hvort sem um er að ræða
bensín- eða díselvélar, með eða án túrbínu eða
hvarfakúts, með beinni innspýtingu, súrefnis-
skynjara, common-rail-kerfi, raðinnsprautun
eða deiliolíuverki.

2. Ceramizer-efnið má nota á allar helstu
iðnaðar- og verksmiðjuvélar, en þó er vissara að
hafa fyrst samband við framleiðanda efnisins.

3. Ef notað er minna af Ceramizer-efninu en
ráðlagt er í neðangreindri töflu má reikna með
minni árangri.

4. Ef notað er meira af Ceramizer-efninu en
ráðlagt er þá hefur það engar neikvæðar auka-
verkanir, heldur lengir einungis verkunina.

5. Ceramizer-efnið má brúka hvenær sem er,
en besti árangurinn fæst eftir olíuskipti.

6. Á meðan efnið er að virka er áriðandi að
skipta ekki um olíu 1500 km (eða 25 véla-
stundum) eftir að efnið er sett á vélina. Eftir
það má skipta um olíu samkvæmt ætöun.

7. Ceramizer-efnið er notað sem fyrirbyggj-
andi efni til að minnka viðnám slitflata og
lengir þannig líftíma vélarinnar.

ÁRANGUR

Ceramizer-efnið veitir vörn gegn sliti og tær-
ingu í amk 1150 vinnustundir, en hægt er setja
það aftur á vélina eftir að þessari notkun er náð.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

1. Hitið vélina upp í eðlilegan vinnuhita (80–90
°C) með því að keyra traktorinn eða láta vélina
ganga í lausagangi í að minnsta kosti 10 mín.

2. Drepið á vélinni.

3. Losið smurolíulokið af vélinni og sprautið
Ceramizer-efninu í áfyllingarrörið. Ef rörið
er langt er mælt með því að smurolíu sé
hellit í það á undan og eftir Ceramizer-efninu.
Þetta tryggir eðlilega íblöndun efnisins. Ef
sía er í áfyllingarrörinu er æskilegt að blanda
Ceramizer-efninu saman við 200 ml af smur-
olíu áður en það er sett á vélina.

4. Setjið smurolíulokið aftur á vélina.

5. Ræsið vélina og látið hana ganga 15 mín. í
lausagangi.

6. Akið rólega fyrstu kílómetrana og látið vélina
aldrei fara yfir 1600 snúninga. Einnig má láta
vélina ganga fjórar klukkustundir í lausagangi.

7. Eftir fjóra tíma í lausagangi má aka á þeim
hraða og snúningi sem hentar. Ceramizer-efnið
hefur náð að dreifa sér um vélina og heldur
áfram að byggja hana upp næstu 25 vinnu-
stundirnar, en á þeim tíma má hins vegar ekki
skipta um smurolíu.

8. Þegar um er að ræða mikið keyrða trukka
(yfir 100 þúsund vs.), eða vélar sem brenna olíu,
er betra að setja tvöfaldan ráðlagðan skammt
(sjá töflu) eða fleiri á vélina. Setjið fyrst einn
skammt og síðan annan eftir 10 vinnustundir.
Þetta má endurtaka með fleiri skömmtum.

ATHUGASEMDIR:

1. Ef teflon- eða mólýben-efnum hefur áður
verið blandað í olíu vélarinnar er ráðlegt að
skipta henni út og hreinsa smurkerfið áður
en meðhöndlun með Ceramizer-efninu hefst.
Annars er hætt við að árangur verði ekki
ásættanlegur. (Ceramizer-efnið inniheldur ekki
teflon- eða mólýben)

2. Ef skemmdir eru á vélinni, t.d. brotnir
stimpilhringir, óþéttir ventlar, rispaðir stimplar
o.s.frv., er nauðsynlegt að laga þessa ágalla
áður en Ceramizer-efnið er sett á vélina.

3. Ceramizer-efnið bætir ekki þá hluta vélarinnar
þar sem plast- eða gúmmihlutar nuddast
saman við járn.

4. Í vélum sem ekki eru útbúnar með sjálf-
virkri ventlabilsstillingu er æskilegt að fram-
kvæma ventlastillingu eftir 25 vinnustundir frá
því Ceramizer-efnið var sett á vélina.

5. Ef vélin er útbúin miðflotta-olíusíur er nauð-
synlegt að hreinsa hana áður en Ceramizer-
efnið er sett á vélina. Hætt er við að sameindir
í Ceramizer-efninu setjist í þessar olíusíur, en
það dregur úr virkni þess.

ANNAD:

“Particle filter” er fylltur með járn- eða keramik-
treffjum sem hreinsa söt og örmá öhreindi. Að
öðru leyti brennir vélin þessum öhreindum.

Efnið breytir ekki efniseiginleikum olíunnar og
framleiðir ekki sótagnir, fosfór eða brennistein
og hefur því engin áhrif á sótsíur í díselvélum.